

3. Fundur

Haldinn að Hótel Borg, þriðjudaginn 14. júlí 1964, kl. 15 e.h.

Fundinn sátu Lúðvíg Hjálmtýsson, formaður, Sigurður Magnússon, Lárus Ottesen, Sigurlaugur Þorkelsson, Þorleifur Þórðarson, Ágúst Hafberg, Njáll Símonarson, Sigurjón Ragnarsson og Ingvi M. Árnason.

Fundarritari var Ágúst Hafberg.

Formaður setti fundinn og bauð sérstaklega velkominn Gunnar Thordarson, fulltrúa í Búnaðarbankanum, og skýrði um leið frá viðræðum sínum við ráðherra varðandi lánasjóðinn og fyrirkomulag útlána, svo og að ráðherra hafi falið Búnaðarbankanum vörslu sjóðsins. Það formaður Sigurð Magnússon að reifa þetta mál nánar.

Sigurður Magnússon kvað upplýst að 3 milljónir króna væru handbærar en frekari fjárútleigun myndi taka nokkurn tíma. Því þyrfti að athuga hvort lána ætti strax, það sem til er og óskaði upplýsinga Gunnars Thordarsonar um fyrirkomulag lána Búnaðarbankans.

Gunnar Thordarson skýrði fundarmönnum frá fyrirkomulagi Búnaðarbankans um framkvæmd lána úti á landi, úr hinum ýmsu sjóðum.

Rætt var um lánstíma, fyrirkomulag veða, upphæð lána með tilliti til verðmætis, gerð og tegundar framkvæmda og þarfar frá almennu sjónarmiði.

Þorleifur Þórðarson og Lúðvíg Hjálmtýsson bentu á mismun rekstrarstöðu gisti- og veitingastaða í Reykjavík og úti á landi, þar sem þjónusta er þó brýn þörf.

Flestir fundarmenn undirstrikuðu nauðsyn á varfærni og að lánin færu til þeirra staða sem þörf væri mest og rekstrarleg afkoma tryggð.

Sigurður Magnússon bar fram tillögu um að tveir menn, ásamt formanni og fulltrúa Búnaðarbankans gerðu tillögur um reglur og fyrirkomulag lána og legðu þær fram fyrir næsta fund. Tillaga þessi var samþykkt og voru Þorleifur Þórðarson og Ágúst Hafberg kosnir til þess.

Formaður las bréf frá samgöngumálaráðuneyti um skipun varaformanns og óskir um að hann sæti fundi ráðsins.

Þá las formaður upp bréf frá Ferðaskrifstofu Austurlands um breytingu á kostnaðaráætlun og lánamöguleikum sem áður hafði verið lagt fram, vegna byggingar að Hlíðum við Lagarfljót, og um leið umsókn um hærra lán, eða kr. 700 þúsund.

Nokkrar frekari umræður urðu um þetta mál, og samþykkt að óska umsagnar umboðsmanns Búnaðarbankans eins og gert hafði verið varðandi Hvítárvallaskála. Þorleifur Þórðarson lagði fram "lauslegt yfirlit um gistirými í landinu 1964" sem æskt hafði verið eftir á fyrsta fundi.

Formaður lagði fram tillögu um enskt heiti á Ferðamálaráði "The Tourism Council of Iceland", var það samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50.